

Fundargerð framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands.

Fundur haldinn 12. september 2012 í Hermes Reyðarfirði kl. 10:30. Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

Dagskrá fundarins.

1. Ársreikningur 2011 - drög
 2. Tilnefning tengiliðs v. framkv. áætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014
 3. Mál frá þjónustuhópi
 4. Önnur mál
-
1. Fundarmenn fóru yfir og ræddu drög að ársreikningi fyrir árið 2011. Niðurstaða reikningsins er að A-deild var rekin með halla upp á kr. 2.8 milljónir (áætlun gerði ráð fyrir halla upp á kr. 6.0 m.). Rekstrarafgangur B-deildar var kr. 15.6 milljónir. Eigið fé A-deildar er því neikv. um 2.8 milljónir. Þar af er skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna kr. 26.1 milljón, hækkaði um kr. 2.4 milljónir á árinu. Engar athugasemdir gerðar við ársreikninginn en nokkrar umræður urðu um gerð næstu fjárhagsáætlunar og boðun aðalfundar. Forstöðumaður mun senda fundarmönnum drög að fjárhagsáætlun á næstu dögum.
 2. Framkvæmdastjórnin ræddi um tilnefningu tengiliðs vegna framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2012 – 2014, en áætlunin var samþykkt frá Alþingi þann 11. júní sl. Helga Þórarinsdóttir var tilnefnd sem fulltrúi þjónustusvæðis SKA.
 3. Rætt var mál frá þjónustuhópi og tillögu um tímabundinn tilflutning fjármagns milli þjónustusvæða vegna sértækrar þjónustu sem veitt er á Fljótsdalshéraði. Málið hefur fengið umfjöllun hjá félagsþjónustunum svæðanna sem eru samþykkar tillögunni. Framkv. stjórn gerir ekki athugasemdir við tillögu þjónustuhópsins og samþykkir hana.
 4. **a)** Forstöðumaður gerði grein fyrir bréfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti er varðar skilgreiningu á skóladögum í grunnskóla, álit ráðuneytisins. Í bréfinu er ítrekuð fyrri afstaða ráðuneytisins og hún rökstudd enn frekar.
b) Bréf (tölvupóstur) frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um endurskoðun viðmiðunarreglna vegna grunnskólanemenda sem stunda nám utan lögheimilis. Megin breytingin verður að miðað verður við raunkostnað, í stað gjaldskrár sem hefur verið til viðmiðunar.
c) Bréf (tölvupóstur) frá Sambandi ísl. sveitarfélaga til upplýsinga um talþjálfunarmál grunnskólabarna. Unnið er að lausn málsins og þá sér í lagi að skýra verkaskiptingu aðila, ríkis og sveitarfélaga.
d) Bílamál. Forstöðumaður sagði frá samningi við Höldur bílaleigu um leigu á tveimur bílum frá september til maíloka 2013. Fyrirkomulagið svipað og síðustu ár.
e) Framkvæmdastjórn heimilar að ráðstafað verði allt að kr. 700.000, af óráðstöfuðum fjármunum B-deildar SKA- vegna 27. greinar laga um málefni fatlaðs fólks. Grein 27 fjallar um aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar. Auglýst verður eftir styrkumsóknum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson